



Upplýsingar og reglur

- (1) Skiltið sem Embætti landlæknis mun láta framleiða út frá verðlaunatillögu verður 20cm x 20cm að stærð. Gott er að hafa þetta í huga þar sem stærðin takmarkar t.d. hversu mikill texti getur verið á skiltinu. Einfaldari myndir eru þess vegna líklegri til árangurs en flóknari teikningar.
- (2) Skólar geta sent inn eins margar tillögur og hugmyndir eins og þeir vilja.
- (3) Verðlaun verða veitt á hverju skólastigi þeim skóla sem sendir inn bestu hugmyndina. Með öðrum orðum fær einn leikskóli, einn grunnskóli og einn framhaldsskóli vatnsvél í verðlaun, auk viðurkenningarskjals frá Embætti landlæknis.
- (4) Dómnefnd á vegum embættisins (tannlæknir, tannfræðingur, verkefnisstjórar og grafískur hönnuður) mun velja sigurvegara úr innsendum tillögum.
- (5) Aðeins þær myndir sem vinna til verðlauna verða notaðar í framleiðslu skilta, en aðrar innsendar hugmyndir verða hugsanlega nýttar á vef embættisins eða í annarri útgáfu á hennar vegum (og þá með tilvísun í höfunda og viðkomandi skóla).
- (6) Skilafrestur er til 22. mars 2013 og eru allar hugmyndir sem póstsendar eru fyrir þann tíma teknar sem gildar.
- (7) Tillögur og hugmyndir skal senda til:

Hugmyndasamkeppni – Vatnsskilti

Embætti landlæknis

Barónsstíg 47, 101 Reykjavík

Hér má sjá útlit gömlu skiltanna, en textinn má vel vera annar á því nýja.

